

Það eru allir hjartanlega velkomnir á skotsvæðin hjá Skotfélagi Reykjavíkur. Skotfélag Reykjavíkur er með starfsemi á Álfsnesi, undir Esjuhlíðum, og í Egilshöllinni í Grafarvogi.

Í dag (laugardaginn 1. október) var mikið um að vera á haglabyssuvöllunum hjá okkur en það er greinilegt að þeir sem hyggja á rjúpnaveiðar eru byrjaðir að hita sig upp fyrir komandi rjúpnavertíð.

Til gamans má geta þess að rjúpnaveiðitímabilið í ár er 12 dagar sem skiptast á fjórar helgar, þ.e. síðustu helgina í október og fyrstu þrjár í nóvember:

Föstudaginn 28. október til sunnudags 30. október. 3 dagar.

Föstudaginn 4. nóvember til sunnudags 6. nóvember. 3 dagar.

Föstudaginn 11. nóvember til sunnudags 13. nóvember. 3 dagar.

Föstudaginn 18. nóvember til sunnudags 20. nóvember. 3 dagar.

Sjá nánar á <http://ust.is/einstaklingar/veidi/veiditimabil/>

Það verður opið hjá okkur á Álfsnesi í sérstakri rjúpnaopnun dagana fyrir fyrstu helgina sem rjúpnaveiðar eru leyfilegar. Þvenjum sem hesta til að koma að æfa sig.

Sjá nánar <http://sr.is/opnunartimar>

Góða skemmtun...



Þessir yndislegu feðgar voru að æfa sig í dag í góðu veðri á Álfsnesi 🐟

Það eru allir velkomnir til okkar.